

Fundargerð 447. fundar framkvæmdanefndar búvörusamninga, fjarfundur, haldinn föstudaginn 22. desember 2020. Fundur hófst kl. 10:00.

Pátttakendur voru: Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR), Arnar Freyr Einarsson, ANR, Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda (SG), Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður LK, Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands (BÍ), sem áheyrnarfulltrúi, og Jón Baldur Lorange, ANR, starfsmaður nefndarinnar, sem ritaði fundargerð. Bjarni Ragnar Brynjólfsson frá SAM kom inn á fundinn undir 1. lið dagskrár.

1. **Heildargreiðslumark mjólkur á framleiðsluárinu 2021.** Lagt fyrir nefndina svar SAM við fyrirspurn ráðuneytisins um birgðir mjólkurafurða. Fulltrúi SAM fór yfir helstu forsendur í tillögum SAM um heildargreiðslumark og svaraði spurningum nefndarmanna.

Viðbót: Eftirfarandi bókun var samþykkt af nefndarmönnum þann 23. desember 2020 og í kjölfarið send til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

Á fundi framkvæmdanefndar búvörusamninga þann 22. desember 2020 var tekin fyrir tillaga SAM að heildargreiðslumarki ársins 2021. SAM leggur til að heildargreiðslumark haldist óbreytt, þ.e. 145 milljón lítrar. Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna og leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt og heildargreiðslumark ársins 2021 verði 145 milljón lítrar.

2. **Tillögur Landssambands kúabænda (LK) vegna um ráðstöfun fjármagns skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt.**

- a) *LK leggur til að 39 milljónum af 6. liðs samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar, framleiðslujafnvægi, verði fært yfir á 9. gr. samningsins, greiðslur vegna nautakjötsframleiðslu, nánar tiltekið á sláturálag á nautakjöt sem uppfyllir ákveðnar gæðakröfur. Skulu greiðslurnar dreifast jafnt á alla gripi sem hljóta sláturálag á tímabilinu 1.janúar til 31. desember 2020. Þar sem um er að ræða ársfjórðungstímabil er ljóst að greiðslur fyrir slátrun á árinu 2020 eru ekki allar komnar til framkvæmda fyrr en í febrúar 2021. Er lagt til að við það uppgjör verði greiðslum í samræmi við ráðstöfun þessa deilt út á viðkomandi gripi, jafnt á hvern grip óháð ársfjórðungstímabili slátrunar.*
- b) *LK leggur til að 30 milljón króna auka fjármagn renni í þróunarfé nautgriparæktar. Mun fjármagnið skiptast jafnt á þær tvær úthlutanir sem fara fram á árinu 2021 og verður lögð sérstök áhersla á loftslagstengd verkefni við úthlutun.*
- c) *LK leggur til að samtals 31 milljón króna verði veitt í markaðsverkefni tengd íslenskri nautakjötsframleiðslu á næsta ári. Markmið á árinu 2021 verða tvíþætt, annarsvegar að koma og kynna vel vörumerkið „Íslenskt gæða naut“ (ÍGN) og hins vegar að undirbúa og koma af stað umfjöllun fyrir nýja Angus nautgripakynið sem verið er að rækta hjá Nautís á Stóra Ármóti.*

Allar þrjár tillögurnar samþykktar, alls að upphæð 100 m.kr.

3. *Samningur við Landgræðslu ríkisins vegna eftirlits með landnýtingarþætti gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu á árinu 2021.* Samþykkt að semja við Landgræðsluna vegna eftirlits á

árinu 2021. Samningurinn verði lagður fyrir næsta fund framkvæmdanefndar. Bókað að skoðað verði fyrirkomulag á þessum málum til lengri tíma lítið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 11:15.